

Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara um meint brot á ákvæði 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fjármálaeftirlitið vísaði þann 10. júlí 2009 til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara, þremur málum vegna meintra brota á 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 161/2002 má fjármálafyrirtæki ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins eiga eða taka að veði eigin hlutabréf sem nemur hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins. Ákvæði 55. gr. laga nr. 2/1995 er sambærilegt en samkvæmt því má hlutafélag ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu.

Að beiðni Fjármálaeftirlitsins dags. 15. október 2008 unnu óháðir sérfræðingar skýrslur um ákveðna þætti varðandi innra eftirlit stóru viðskiptabankanna þriggja vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust á íslenskum fjármálamarkaði haustið 2008. Í kjölfar skýrslanna vaknaði grunur um brot á áðurnefndum lagagreinum og hóf Fjármálaeftirlitið rannsókn. Það var mat Fjármálaeftirlitsins að rannsókn lokinni að rökstuddur grunur væri um brot á fyrrgreindum ákvæðum og ákvað það með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.